

Nemendaráð Naustaskóla

Fundur 4. nóvember 2014

Mættir: Signý Rós, Sýlvía, Birgir Freyr, Brynjólfur, Íris, Agnar Daníel, Alex Máni, Viktor.

Dagskrá:

Farið yfir mál frá síðasta fundi. Stefnum að fótboltadegi þegar vorar á ný. Biðtími í matsal er orðinn styttri.

Lýsing á körfuboltavelli. Ábending um að það vanti lýsingu á körfuboltavöllinn. Verið er að laga lýsingu við göngustíginn, spurning hvort það lagar málið. Skólastjóri athugar hvort hægt er að setja þarna kastara sem lýsir á sama tíma og ljósin á gervigrasvellinum.

Snakk og bíódagurinn. Rætt um fyrirkomulag, stefnt að svipuðu skipulagi og undanfarið. Hugmyndir að myndum til að horfa á; Dictator, Bend it like Beckham, Bangsímón, Tímon og Púmba, Lion King, American Pie. Fulltrúar safna fleiri hugmyndum og við tökum ákvarðanir á næsta fundi.

Árshátíð. Rætt um fyrirkomulag. Hugmynd um að hafa ávarp frá formanni nemendaráðs, Signý ætlar að hugsa málið.

Gistingar í skólanum. Farið yfir reglur sem gilda um gistingar í skólanum, reglurnar er að finna í starfsmannahandbók skólans á heimasíðu.

Mötuneyti. Rætt um matinn og fram komu athugasemdir frá nemendum t.d. varðandi kekki í skyri, að stundum finnist hár í matnum, nemendur vilji alltaf hafa tómatósósu og kartöflur með soðna fiskinum (telja það vinsælla en aðrar aðferðir), stundum finnist bein í fiskinum, stundum finnist óhreinir diskar í staflanum o.fl. Skólastjóri útskýrði þar sem það átti við og benti á að afar erfitt geti verið að fyrirbyggja að nefnd atriði komi einstöku sinnum fyrir, en mun koma athugasemdum á framfæri. Þá fannst sumum fulltrúum í nemendaráði að starfsfólk í skömmtun „mætti vera hressara“ :)

Árshátíðarballið. Rætt um fyrirkomulag og staðsetningu sjoppunnar á ballinu.

Gluggaskreytingar á unglíngastigi. Sumir nemendur vilja losna við hendurnar sem voru málaðar á gluggana á sínum tíma, en um þetta virðist ekki vera samstaða í hópnum. Þarf að ræða nánar á unglíngastiginu.

Skólaráðsfundur. Farið yfir dagskrármál á skólaráðsfundi sem framundan er.